

Rétt þykir að varnarðili greiði sóknaraðila kærumálskostnað, 5.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Afmá skal úr þinglýsingabók Kjósarsýslu af eigninni Túngötu 7 í Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu, þinglýsingu á áfrýjunarstefnu frá 6. desember 1984, skráðri hinn 18. mars 1986, í hæstaréttarmálinu nr. 266/1985.

Varnaraðili, Hilmar S. R. Karlsson, greiði sóknaraðila, Olíuverslun Íslands h/f, 5.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. maí 1986.

Nr. 147/1986. **Nylon Hoisery Company Ltd.**

gegn

G. Bergmann hf.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b. lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 10. apríl 1986 er barst Hæstarétti 28. s.m. Hann krefst þess að frávísunardóminum verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdóminn að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Fyrirsvarsmáður stefnda hefur gefið skýrslu um málsatvik fyrir héraðsdómi. Fyrirsvarsmenn stefnanda hafa hins vegar ekki komið fyrir dóm til skýrslugjafar og stefnandi hefur ekki að öllu farið eftir ábendingum héraðsdóms um öflun gagna þeirra, sem í hinum kærða dómi greinir. Að svo vöxnu máli var héraðsdómi rétt samkvæmt 116. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá. Verður héraðsdómurinn því staðfestur, en rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. apríl 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. febrúar sl. er höfðað með stefnu birtri 24. janúar 1985 af Skarphéðni Þórisssyni hrl., nnr. 8163-8543, Pósthússtræti 13 Reykjavík, f.h. Nylon Hosiery Company Ltd., 3 Cavendish Place, London, Englandi gegn Hauki Björnssyni, Látraströnd 58, Seltjarnarnesi, stjórnarformanni G. Bergmann hf., Reykjavík, nnr. 2506-1322, vegna félagsins.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða 2.503,20 sterlingspund með 12% ársvöxtum frá 1/12 1983 til 11/8 1984, en frá þeim degi með 14,5% ársvöxtum til greiðsludags og til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst *aðallega* að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati réttarins. *Til vara* krefst stefndi lækkunar á dómkröfum stefnanda og þess að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir:

Stefnandi kveður málavexti vera þá að í október og nóvember 1983 hafi stefndi keypt fatnað af fyrirtæki stefnanda í Englandi. Á reikningi séu sendingar þessar sundurliðaðar nákvæmlega og sé heildarkrafa stefnanda samkvæmt reikningnum 2.503,20 pund. Vörur þessar hafi allar verið sendar til Íslands og hafi komið til landsins á eðlilegum tíma. Dagsetning fyrstu sendingar sé 23. september 1983 og virðast sendingarnar fimm að tölu hafa komið til landsins á tímabilinu 4. október til miðs nóvember s.á. Stefnandi telur að vörurnar hafi verið leystar út. Stefndi hafi endursent vörurnar í

janúar 1984 en stefnandi neitað þeim móttöku. Stefndi hafi ekki fengist til að greiða kröfu stefnanda, og beri hann fyrir sig ranga og of seina afgreiðslu. Formleg kvörtun stefnda hafi ekki borist fyrr en í marsmánuði.

Stefndi kveður forsögu málsins vera þá að Guðlaugur Bergmann fyrirsvarsmaður stefnda hafi verið í viðskiptaerindum í London í ágústmánuði 1983. Hafi hann þá m.a. farið í starfstöð stefnanda, sem hann hafi oft áður átt viðskipti við, og pantað vörur þær sem mál þetta fjallar um, samstæða vettlinga og legghlífa úr ullarefni (sett) í ýmsum litum. Hafi Guðlaugur lagt á það áherslu við kaupin að fá vöruna afhenta strax enda hafi ætlun hans verið að hefja sölu hennar í lok ágúst og ná þannig til hins stóra hóps skólafólks, sem eyðir drjúgum hluta sumarhýrunnar til fatakaupa í upphafi skólaárs. Vörurnar hafi komið til landsins í fimm sendingum í nóvember og hluti þeirra líklega síðar eða löngu eftir að um var samið. Sölutími þeirra hafi þá verið liðinn og lítil von að það tækist að selja þær fyrr en að hausti. Aftur á móti var óvíst að þær yrðu þá í tísku. Ákvað stefndi engu að síður að leysa til sín eina sendingu. Hafi hann fengið hana tollafgreidda og afhenta, en áður hafi hann keypt andvirði hennar í erlendum gjaldeyri í banka. Greisðlan hafi hins vegar ekki verið send stefnanda þar sem við athugun á sendingunni hafi komið í ljós að afgreiðsla af hálfu stefnanda var ekki í samræmi við óskir stefnda. Í henni hafi einungis verið 21 tylft af legghlífapörum en engir vettlingar, enda þótt samið hafi verið um 15 tylftir af hvorri gerð. Kveðst stefndi, er hann gerði sér ljós þessi mistök, strax hafa sent skeyti til Gerry Williams, umboðsmanns síns í London og beðið hann að koma því á framfæri við stefnanda að þessari sendingu væri ekki veitt móttaka og yrði hún endursend. Jafnframt skyldi umboðsmaðurinn kvarta við seljendur vegna verulegs afhendingardráttar. Hinn 23. nóvember 1983 hafi borist svar með telexi, má af því ráða að þann dag hafi stefnandi enn átt eftir að afhenda hluta af pöntun stefnda eða 12 tylftir af hvorri tegund. Síðan séu engar heimildir um samskipti aðilja fyrr en í lok janúar 1984 en þá hafi stefndi endursent vörurnar til stefnanda eftir að hafa til þrautar reynt að fá einhverja tilhliðrun hjá honum vegna afhendingardráttar og rangrar afgreiðslu. Í marsbyrjun er ljóst að stefnandi tekur ekki á móti vörunum.

Málsástæður. Lagarök.

Málsástæður stefnanda eru þær að stefndi hafi pantað umræddar vörur til landsins sem hafi verið sendar á réttum tíma en stefndi neitað að greiða þær á forsendum sem fá ekki staðist lagalega. Ósannað sé að vörurnar hafi verið afgreiddar seinna en til stóð og ennfremur er því vísað á bug að vörurnar hafi verið rangt afgreiddar. Vörur þessar hafi verið sendar til landsins á tímabilinu september til nóvember 1983. Stefndi hafi ekki

kvartað yfir vörum þessum fyrr en í bréfi dags. 5. mars 1984. Kvörtun þessi sé sett fram alltof seint og sé hér aðallega vísað til 27. gr. og 52. gr. l. nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Stefndi kveðst byggja kröfur sínar á því að hann hafi pantað tiltekna vörutegund sem einungis sé unnt að selja á ákveðnum árstíma. Þetta hafi stefnanda verið ljóst eða átt um það vita, enda sé hann enginn nýgræðingur í viðskiptum. Engu að síður hafi stefnandi afgreitt vöruna mörgum mánuðum of seint þegar næsta vonlítið var að selja hana fyrr en e.t.v. að ári. Einnig hafi hluti af pöntun verið ranglega afgreiddur. Stefndi hafi af þessum sökum ekki átt annars úrkosti en að endursenda stefnanda vörurnar. Vörurnar séu enn í vörslu umboðsmanns hans í London, þar sem stefnandi hafi neitað að veita þeim viðtöku.

Varakröfu sína byggir stefndi á því að hluti sendingar stefnanda hafi verið ranglega afgreiddur. Verðmæti þessa hluta af pöntun stefnda nemi 402 sterlingspundum. Er þess krafist að stefnukrafan verði lækkuð sem þessu nemur.

Niðurstaða.

Aðilar eru báðir verslunarfyrirtæki og varðar mál þetta viðskipti þeirra. Stefndi byggir kröfur sínar á yfirliti yfir reikninga og upphæðum þeirra, sbr. dskj. nr. 3. Ágreiningur er um afhendinu og afgreiðslu vörunnar. Ljóst þykir af gögnum málsins að pöntun stefnda hafi verið skráð.

Í þinghaldi hinn 6. nóvember 1985 beindi dómurinn þeim tilmælum til lögmanns stefnanda að hann legði fram pöntun vegna viðskipta þeirra sem hér er um deilt sem og pöntunarstaðfestingar og undirreikninga, skv. dskj. nr. 3 og einnig að hann aflaði afstöðu stefnanda til þeirrar fullyrðingar að vörur þessar hafi verið keyptar af lager.

Lögmaðurinn kom tilmælum dómsins á framfæri við umboðsmenn stefnanda í London, The London Traders Association (LTA), með bréfi dags. 7. nóvember 1985.

Svarbréf LTA dags. 13. s.m. hefur verið lagt fram ásamt fimm reikningum. Í ofanefndu bréfi er tilmælum dómsins um að stefnandi leggi fram pöntun vegna viðskiptanna svarað á þann veg að: „...vissulega sé það stefnda að gera grein fyrir sérhverri deilu sem tengist vörunum, út frá sjónarmiði stefnanda sé málið einfalt, hann hafi afgreitt vöruna eins og hún var pöntuð, en henni hafi síðan verið hafnað af viðskiptavininum án nokkurrar sýnilegrar ástæðu.“ Tilmælum dómsins um að lagðar verði fram pöntunarstaðfestingar er svarað þannig: „Hjálagðir eru fimm reikningar sem um var bedið og pöntunarstaðfesting félagsmanns okkar á hverjum reikningi fyrir sig sem vísað er til er aðeins pöntunarnúmer félagsmanns okkar til hans eigin nota vegna pantana sem hr. Bergmann hefur gert.“

Frekari svör við tilmælum dómsins hafa ekki borist.

Dómurinn litur svo á að til þess að dómur verði lagður á mál þetta, verði stefnandi að leggja fram gögn um það hvaða vörur hafi verið pantaðar og með hvaða skilmálum. Stefnumkrafa verður ekki byggð á reikningsyfirliti, dskj.nr. 3 einu sér eða undirreikningum þess gegn mótmælum stefnda. Dómurinn hefur skv. 114. gr. eml. 85/1936 i.f. gefið stefnanda kost á að bæta úr ágöllum á málatilbúnaði sínum. Svar stefnanda, sem hér að ofan er rakið, þykir ekki fullnægjandi og þar sem hann hefur ekki lagt fram umbeðin gögn telst málið vera vanreifað af hans hálfu og verður því, skv. 116. gr. l. nr. 85/1936, að vísa því frá dómi ex officio.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað kr. 25.000,00.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari ásamt með-dómsmönnum Guðmundi Árnasyni forstjóra og Jóni Kristjánssyni kaupmanni. Uppsaga dómsins hefur dregist vegna forfalla meðdómandanna.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, Nylon Hosiery Company Ltd., greiði stefnda, G. Bergmann hf., kr. 25.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 27. maí 1986.

Nr. 100/1986. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Friðbert Páli Njálssyni

(Jóhann Þórðarson hdl.)

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. febrúar 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. f.m.